

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 24. febrúar 2023.

Mál nr. 606/2022:

Ákærvaldið

(Guðrún Sveinsdóttir saksóknari)

gegn

Daniel Zambrana Aguilar

(Oddgeir Einarsson lögmaður)

(Arnar Kormákur Friðriksson réttargæslumaður)

(Inga Lilly Brynjólfssdóttir, lögmaður einkaréttarkröfuhafa)

Lykilorð

Líkamsárás. Brot gegn lögreglulögum. Tilraun. Manndráp. Heimfærsla. Miskabætur.

Útdráttur

D var sakfelldur fyrir brot gegn lögreglulögum. Þá var hann sakfelldur fyrir líkamsárás með því að hafa veist með ofbeldi að B og gefið honum olnbogaskot í andlit með nánar tilgreindum afleiðingum fyrir B. Með dómi héraðsdóms taldist háttsemin varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hliðsjón af vottorði sérfræðilæknis um áverka B þar sem fram kom að kvarnast hefði upp úr tveimur framtönum B, auk þess sem hann hefði hlotið yfirborðsáverka, taldi Landsréttur háttsemi D varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Loks var D ákærður fyrir tilraun til manndráps með því að hafa í félagi við meðákærða X, veist að A með ítrekuðum höggum með óþekktu stunguvopni, líklega skrufjárnri, í efri bók A, en meðákærði X með ítrekuðum hnefahöggum í höfuð og efri hluta líkama, allt með nánar tilgreindum afleiðingum fyrir A. Með dómi héraðsdóms var D sýknaður af tilraun til manndráps en sakfelldur fyrir meiriháttar líkamsárás samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Landsréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um að D hefði gerst sekur um þá háttsemi sem honum var gefin að sök í ákæru. Varðandi heimfærslu til refsíákvæða vísaði Landsréttur til þess að fyrir lægi að D hefði veist að A og stungið hann endurtekið með skrufjárnri eða líku áhaldi í ofanvert bak svo að gengið hefði inn í brjóstvegg og hefði A hlotið lífshættulegan áverka. Yrði að telja að D hefði á verknaðarstundu ekki getað dulist að langlíklegast væri að bani hlytist af atlögunni. Yrði hann því sakfelldur fyrir tilraun til manndráps. Við ákvörðun refsingar var einkum litið til þess að atлага D gegn A taldist hafa verið tilefnislaus, hún hefði verið ofsafengin og haft alvarlegar afleiðingar, en telja yrði að hending hefði ráðið því að ekki fór verr. Þá hefði D unnið verkið í félagi við annan mann. Samkvæmt því og með hliðsjón af ákvæðum 1., 2., 3. og 6. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, 2. mgr. sömu lagagreinar og 77. gr. sömu laga þótti refsing D hæfilega ákveðin fangelsi í fimm ár og sex mánuði. Þá var D gert að greiða A og B miskabætur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómarnir Ragnheiður Harðardóttir, Símon Sigvaldason og Þorgeir Ingi Njálsson.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 13. september 2022. Málgögn bárust réttinum 22. nóvember 2022. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 25. ágúst 2022 í málinu nr. S-[...]/2022.
- 2 Ákærvaldið krefst þess að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru 30. maí 2022 og að staðfest verði sakfelling samkvæmt ákæru 8. júní 2022. Þá krefst ákærvaldið þess að refsing verði þyngd.
- 3 Ákærði krefst þess að refsing hans verði milduð. Þá krefst hann frávísunar einkaréttarkröfu A en til vara að fjárhæð dæmdra bóta verði lækkuð. Jafnframt krefst ákærði lækkunar fjárhæðar dæmdrar einkaréttarkröfu B.
- 4 Brotapoli, A, krefst þess aðallega að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð 4.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. mars 2022 til 7. júlí 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um fjárhæð miskabóta.
- 5 Brotapoli, B, krefst þess aðallega að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð 1.500.000 króna auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 4. júlí 2021 til 7. júlí 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um fjárhæð miskabóta. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Landsrétti.
- 6 Við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti kom ákærði fyrir dóm til viðbótarskýrslugjafar en áður var spiluð upptaka af framburði hans við aðalmeðferð málsins í héraði. Þá voru spilaðar upptök af framburði brotþola, A, og vitnisins P sérfræðilæknis fyrir héraðsdómi. Einnig var spilað myndskaið samsett af upptökum úr sínum vitna og eftirlitsmyndavélum í miðborg Reykjavíkur vegna atvika sem ákæra 30. maí 2022 varðar. Loks kom rannsóknarlögreglumaður nr. Q fyrir dóm til skýrslugjafar.

Niðurstaða

- 7 Mál þetta var höfðað á hendur ákærða, Daniel Zambrana Aguilar, með tveimur ákærum, þeirri fyrri 30. maí 2022 fyrir tilraun til manndráps, en þeirri síðari 8. júní 2022 fyrir líkamsárás og brot gegn lögreglulögum. Ákærði játaði alfarið sök samkvæmt síðari ákærinni fyrir héraðsdómi og var farið með þann þátt málsins sem játningarmál, sbr. 1. mgr. 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Er niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu samkvæmt ákærinni staðfest að öðru leyti en því er varðar heimfærslu líkamsárásarbrotis hans til refsíákvæðis. Meðal gagna

málsins er vottorð sérfræðilæknis um komu brotþola, B, á slysa- og bráðadeild Landspítalans í kjölfar líkamsárásarinnar. Er áverkum brotþola þar lýst svo að kvarnast hafi upp úr tveimur framtönnum, auk þess sem hann hafi hlotið yfirborðsáverka, eins og nánar er rakið í ákæru. Með hliðsjón af framangreindu telst háttsemi ákærða samkvæmt þessum ákærulið varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en ekki 1. mgr. 218. gr. sömu laga eins og tilgreint er í héraðsdómi, en málið var reifað að þessu leyti við munnlegan flutning þess fyrir Landsrétti, sbr. lokamálslið 1. mgr. 180. gr., sbr. og 210. gr. laga nr. 88/2008.

- 8 Með ákærunni 30. maí 2022 var ákærða gefin að sök tilraun til manndráps og meðákærða, X, líkamsárás með því að hafa, aðfaranótt laugardagsins 5. mars 2022, við [...], veist í félagi að A, ákærði Daniel með ítrekuðum höggum með óþekktu stunguvopni, líklega skrufjárnri, í efri bók A en meðákærði X með ítrekuðum hnefahöggum í höfuð og efri hluta líkama, allt með þeim afleiðingum að brotþoli hlaut samfall á báðum lungum, sár á framvegg brjóstkassa, mörg sár á bakvegg brjóstkassa, mar og yfirborðsáverka á höfði og dreifða yfirborðsáverka á líkama. Var háttsemi ákærða talin varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, en háttsemi meðákærða við 1. mgr. 217. gr. sömu laga. Með hinum áfrýjaða dómi var ákærði sýknaður af ákæru um tilraun til manndráps en sakfelldur fyrir meiriháttar líkamsárás samkvæmt 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Meðákærði var sakfelldur samkvæmt ákæru og unir hann þeirri niðurstöðu.
- 9 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms er staðfest sú niðurstaða að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Kemur þá til skoðunar heimfærsla háttseminnar til refsíákvæða.
- 10 Á myndskeiði, sem samkvæmt framansögðu var spilað við aðalmeðferð málsins fyrir Landsrétti, sést atлага ákærða og meðákærða að brotþola glögglega. Sést hvar meðákærði veitist að brotþola með endurteknum höggum en brotþoli hopar undan og virðist enga björg geta sér veitt. Ákærði kemur aðvífandi og veitist að brotþola með höggum í bak og sést að hann heldur á áhaldi sem hann beitir fyrir sig við árásina. Af upptökunni verður ótvírætt ráðið að ákærði beitti áhaldinu af afli en samkvæmt gögnum málsins hlaut brotþoli að minnsta kosti sex stungusár í ofanvert bak sem gengu inn í brjóstkassa, en stunguvopnið fór í gegnum jakka úr þykku gallaefni sem hann klæddist. Þá sést að nærstaddur maður grípur inn í og færir ákærða frá brotþola. Á myndskeiðinu er ákærða fylgt eftir þar sem hann gengur eftir þetta um [...] og sést hann láta áhaldið sem um ræðir falla í jörðina við suðurhlið húss [...]. Um 20 mínútum síðar sést ákærði koma í fylgd félaga sinna aftur að þeim stað sem áhaldið liggur, taka það upp af jörðinni og hafa það með sér á brott. Kvaðst ákærði við skýrslutöku fyrir Landsrétti ekki geta gert grein fyrir því hvað varð um áhaldið eftir þetta.
- 11 Fyrir Landsrétt var lögð skýrsla lögreglu unnin með hliðsjón af ljósmyndum af áhaldinu fengnum úr framangreindu myndskeiði. Sést áhaldið greinilega á mynd þar sem það liggur á gangstéttarhellu við [...]. Eins og fram kemur í skýrslunni er

greinilegt að um skrufjárn er að ræða. Með mælingum á gangstéttarhellum á þeim stað sem skrufjárnid lá var hægt að mæla lengd þess á myndinni. Reyndist heildarlengd þess samkvæmt því vera 18,6 cm, þar af var handfangið 8 cm en járnid 10,6 cm að lengd.

- 12 Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi ræddu lögreglumenn við brotþola á vettvangi og kom fram hjá honum að hann hefði orðið fyrir líkamsárás og ætti erfitt með andardrátt. Var hann fluttur á slysa- og bráðadeild Landspítalans en við skoðun þar kom í ljós að hann hefði hlotið stungusár. Í málinu liggja fyrir tvö vottorð P sérfræðilæknis þar sem fram kemur að við skoðun hafi brotþoli reynst vera með „punkt-stjörnulaga“ stunguáverka víðs vegar á baki og hefði því vaknað grunur um loftbrjóst. Tölvusneiðmynd af brjóstholi hafi síðan sýnt samfall á báðum lungum. Áverkamerki hafi komið heim og saman við einhvers konar stungur með ílöngu, grönnu tæki, svo sem skrufjárn. Þá segir að samfall á lunga sé alltaf í sjálfu sér lífshættulegt ástand og í tilviki brotþola hafi lungun verið talsvert mikið samfallin. Í skýrslu læknisins fyrir héraðsdómi áréttaði hann að um lífshættulegan áverka hefði verið að ræða. Áverkar hefðu komið á brjóstvegg sem leiddu til þess að loft hafi komst inn í brjóstholið. Bæði lungu hefðu fallið mikið saman og brotþoli hefði verið byrjaður að fá öndunarbílun. Kvaðst vitnið telja að brotþoli hefði ekki lifað af án aðgerða lækna. Brotþoli hefði haft „vit á því að fara á spítala [...] en hann var mjög ölvaður [...] Hann hefði alveg eins getað farið heim til sín og sofnað og ekki vaknað daginn eftir“.
- 13 Með hliðsjón af framangreindu liggur fyrir að ákærði veittist að brotþola og stakk hann endurtekið með skrufjárn eða líku áhaldi í ofanvert bak svo að gekk inn í brjóstvegg og hlaut brotþoli við þetta lífshættulegan áverka. Verður að telja að ákærða hafi á verknaðarstundu ekki getað dulist að langlíklegast væri að bani hlytist af atlögunni. Verður hann því sakfelldur fyrir tilraun til manndráps og er háttsemin rétt færð til refsíákvæða í ákæru.
- 14 Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu. Hann er í máli þessu sakfelldur fyrir tilraun til manndráps, auk líkamsárásar og brots gegn lögreglulögum. Við ákvörðun refsingar er einkum til þess að líta að atлага hans gegn brotþolanum, A, telst hafa verið tilefnislaus, hún var ofsafengin og hafði alvarlegar afleiðingar, en telja verður að hending hafi ráðið því að ekki fór verr. Þá vann ákærði verkið í félagi við annan mann. Samkvæmt framangreindu og með hliðsjón af ákvæðum 1., 2., 3. og 6. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, 2. mgr. sömu lagagreinar og 77. gr. sömu laga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fimm ár og sex mánuði. Frá refsingunni skal draga óslitið gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 9. mars 2022, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.
- 15 Ákvæði hins áfrýjaða dóms um einkaréttarkröfur brotþola og sakarkostnað skulu vera óröskuð.

- 16 Ákærða verður gert að greiða brotapolanum B málskostnað vegna reksturs málsins fyrir Landsrétti eins og greinir í dómsorði.
- 17 Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun réttargæslumanns brotapolans A, sem ákveðin eru að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Daniel Zambrana Aguilar, sæti fangelsi í fimm ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingu kemur óslitið gæsluvarðhald sem hann hefur sætt frá 9. mars 2022.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um einkaréttarkröfur brotþola, A og B, og sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði A 300.000 krónur í málskostnað fyrir Landsrétti.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, 1.886.693 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Oddgeirs Einarssonar lögmanns, 1.205.280 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotapolans A, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, 610.173 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. ágúst 2022

Árið 2022, fimmtudaginn 25. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S- [...] /2022: Ákærvaldið gegn Daniel Zambrana Aguilar og X, en málið var dómtekið 15. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru Héraðssaksóknara, dagsettri 30. maí 2022, á hendur

„Daniel Zambrana Aguilar, kennitala [...],
[...]
og
X, kennitala [...],
[...]

gegn ákærða Daniel, fyrir tilraun til manndráps, og gegn ákærða X, fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 5. mars 2022, í félagi, framan við [...], veist að A, kennitala [...], ákærði Daniel með ítrekuðum höggum með óþekktu stunguvopni, líklega skrufjárnri, í efri búk A en ákærði X með ítrekuðum hnefahöggum í höfuð og efri hluta líkama, allt með þeim afleiðingum að A hlaut samfall á lungum beggja vegna, sár á framvegg brjóstkassa, mörg sár á bakvegg brjóstkassa, mar og yfirborðsáverka á höfði og dreifða yfirborðsáverka á líkama.

Telst brot ákærða Daniels varða við 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en brot ákærða X við 217. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu A, kennitala [...], er gerð krafa um að ákærða Daniel Zambrana Aguilar, verði gert að greiða honum kr. 4.139.911.- í skaða- og miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. mars 2022 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Eins er þess krafist að ákærði greiði málskostnað kröfuhafa að skaðlausu, þ.e. þóknun undirritaðs réttargæslumanns Guðmundar Njáls Guðmundssonar lögmanns samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða samkvæmt mati dómstóla og að tekið verði tillit til þess að kröfuhafi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili.

Af hálfu A, kennitala [...], er gerð krafa um að ákærða X, verði gert að greiða honum kr. 900.000.- í miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. mars 2022 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Eins er þess krafist að ákærði greiði málskostnað kröfuhafa að skaðlausu, þ.e. þóknun undirritaðs réttargæslumanns Guðmundar Njáls Guðmundssonar lögmanns samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða samkvæmt mati dómstóla og að tekið verði tillit til þess að kröfuhafi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili.“

Hinn 8. júní 2022 gaf lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu út ákæru á hendur

„Daniel Zambrana Aguilar, kt. [...],
[...],

fyrir eftirtalin brot:

- 1.
2. Líkamsárás með því að hafa, sunnudaginn 4. júlí 2021, fyrir utan [...], veist með ofbeldi að B, kt. [...], og gefið honum olnbogaskot í andlit, með þeim afleiðingum að hann hlaut tannarbrot á tveimur framtönnum, yfirborðsáverka á höfði og á hægri hendi. M.007-2021-[...]
3. Telst háttsemi þessi varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
4. Brot gegn lögreglulögum með því að hafa, sunnudaginn 17. október 2021, fyrir utan [...], hlaupið á brott án þess að hlýða ítrekuðum fyrirmælum lögreglu um að stöðva en lögregla hafði afskipti af ákærða við [...].
M.007-2021-[...]
5. Telst háttsemi þessi varða við 19. gr., sbr. 44. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Einkaréttarkrafa

6. Fyrir hönd B, kt. [...], gerir Halldóra Aðalsteinsdóttir, lögmaður, þá kröfu að ákærði verði dæmdur til að greiða brotþola skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 1.500.000 kr., sbr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 4. júlí 2021 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða brotþola málskostnað vegna lögmannskostnaðar við að hafa kröfu þessa uppi, og fylgja henni fyrir dómi, en málskostnaðaryfirlit verður lagt fram við meðferð málsins. Þá er einnig krafist að Halldóra Aðalsteinsdóttir lögmaður verði tilnefnd sem réttargæslumaður.

7. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“
8. Málin voru sameinuð.

9. Verjandi ákærða Daniels krefst sýknu af tilraun til manndráps og að bótakröfu verði vísað frá dómi. Verði sýknað af tilraun til manndráps og lagaskilyrði verði talinn fyrir annarri heimfærslu brots til refsíákvæða er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og lækun bótakröfu. Einnig er krafist vægustu refsingar vegna ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 8. júní 2022 og lækunar miskabótakröfu. Málsvarnarlauna er krafist samkvæmt tímaskýrslu.

10. Verjandi ákærða X krefst aðallega sýknu og að bótakröfu verði vísað frá dómi. Til vara er krafist vægustu refsingar og að aðallega að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að hún sæti lækun. Málsvarnarlauna er krafist samkvæmt tímaskýrslu.

11. Ákæra dagsett 30. maí 2022

12. Samkvæmt frumskýrslu var lögreglan send að [...] á þeim tíma sem í ákæru greinir vegna manna sem slógust með hnífum, eins og segir í skýrslunni. Þá segir í skýrslunni að rætt hafi verið við ýmsa á vettvangi og þeir nafngreindir en enginn árárþoli með hnífssunguáverka hafi verið sjáanlegur. Rætt var við A sem kvaðst hafa orðið fyrir líkamsárás og ætti hann erfitt með að anda. Segir í skýrslunni að A hafi átt erfitt með að tala og að draga andann og sagst hafa verið laminn í brjóstkassann. Var A komið í hendur sjúkraflutningamanna sem fluttu hann á slysadeild. A var ekki talinn tengjast málinu þar sem hann hefði hvorki talað um hnifa né verið stunginn, bara laminn, eins og segir í skýrslunni.

13. Við rannsókn á slysadeild greindist A með áverkana sem í ákæru greinir.

14. Tekin var skýrsla af A hjá lögreglu 5. mars sl. er hann var á sjúkrahúsi og kvaðst hann hafa orðið fyrir árás tveggja til þriggja stráka er hann hefði verið einn fyrir utan skemmtistaðinn og hann verið felldur í götuna og ráðist á hann.

15. Tekin var skýrsla af ákærða Daniel hjá lögreglunni 9. mars 2022 þar sem hann lýsti líkamsárás sem hann varð fyrir inni á [...] á þessum tíma. Hann hefði síðan farið út þar sem hann hefði orðið hræddur um að lenda í því sama og inni á skemmtistaðnum stuttu áður og þá tekið upp verkfæri eða stutt járn sem hann gat ekki lýst nánar og beitt áhaldinu gegn A sem hefði verið í átökum við meðákærða X.

16. Tekin var skýrsla af ákærða X hjá lögreglunni 5. apríl 2022. Lýsti hann því að þeir meðákærði hefðu orðið fyrir áreiti af hálfu tveggja manna inni á skemmtistaðnum og meðákærði Daniel hefði fengið hnefahögg frá öðrum þeirra. Eftir að hafa skoðað myndbandsupptöku frá vettvangi kvaðst ákærði vera maðurinn sem þar sést slá mann hnefahöggum í andlitið. Hann hefði verið að verja sig. Hann vissi ekki hvað meðákærði gerði.

17. Nú verður rakinn framburður ákærðu og vitnisburður fyrir dómi

18. Ákærði Daniel neitar sök og kvað hann aldrei hafa vakað fyrir sér að svipta A lífi. Hann kvaðst hafa verið inni á [...] og þá séð X rífast við tvo menn, en annar þeirra hefði verið A. Hann kvaðst hafa spurt hvað væri í gangi og hann hefði vitað það næst er hann var kýldur í andlitið og í gólfið og er hann lá þar hefði hann verið kýldur og sparkað í höfuð hans og teldi hann sig hafa misst meðvitund í tvær til þrjár sekúndur og hann hefði ekki getað staðið upp. Hann lýsti afleiðingum þessarar árárs og ætti hann meðal annars erfitt með að anda um nefið og staðfesti hann að áverkar sem um ræðir sæjust á ljósmyndum sem lögreglan tók og fylgja gögnum málsins. Mennirnir hefðu lamið hann og kýlt liggjandi í gólfinu, en síðan hefðu þeir horfið og hann ekki fundið þá. Fáum mínútum síðar hefði hann farið einn út af skemmtistaðnum, þar sem hann sá sömu menn aftur og aftur byrjuðu slagsmál, að hans sögn. Hann kvað meðákærða hafa komið út um tveimur mínútum síðar. Hann kvaðst hafa orðið smeykur við að sjá mennina aftur og slagsmál hefðu byrjað. A hefði verið fyrir utan ögrandi og kallað yfir hópinn. Slagsmál hefðu byrjað en hann kvaðst ekki muna eða hann vissi ekki nákvæmlega hvert upphafið var. Hann hefði tekið áhald upp af götunni eftir að A og meðákærði X voru byrjaðir í slagsmálunum og notað áhaldið gegn A. Hann kvaðst ekki muna hversu oft hann lamdi A með áhaldinu, þar sem hann hefði verið svolítið drukkinn, eins og hann bar. Er hann tók áhaldið upp af götunni og beitti á A kvaðst hann aldrei hafa getað ímyndað

sér að hann gæti valdið svona miklum skaða með því og hann hefði ekki talið áhaldið svo hættulegt. Hann kvaðst hafa orðið hræddur þar sem tveir aðilar hefðu áður ráðist á hann inni á skemmtistaðnum og hann verið með áverka í andliti eftir það. Hann hefði farið burt eftir þetta og verið hræddur og talið að fleiri gætu ráðist á sig. Hann kvaðst ekki hafa reynt að drepa A heldur hefði vakað fyrir honum að verja sig þar sem hann hefði verið í sjokki eftir að hafa verið laminn inni og hefði hann talið hugsanlegt að þessir aðilar héldu áfram að ganga í skrokk á honum. Spurður um hugsanlegar afleiðingar árásarinnar kvaðst hann ekki hafa getað ímyndað sér að hann gæti valdið jafn miklum skaða og raunin varð. Hefði vakað fyrir honum að drepa A þá hefði hann beitt áhaldinu öðruvísi og skýrði hann þetta nánar. Nánar spurður um stunguvopnið kvaðst ákærði ekki geta skýrt eða lýst vopninu nánar en hann staðfesti að hafa rissað upp teikningu af því og liggur hún fyrir meðal gagna málsins. Hann hefði verið drukkinn og ekki muna hvað hann gerði við áhaldið sem um ræðir. Ákærði kvað marga hafa verið stadda fyrir utan skemmtistaðinn og meðákærða X hafa tekið þátt í slagsmálunum sem þar voru.

19. Meðal gagna málsins eru myndupptökur úr sínum sem lögreglan aflaði og upptökur úr eftirlitsmyndavélum í miðborginni. Upptökurnar voru skoðaðar undir aðalmeðferðinni og ákærði spurður út í þær. Hann staðfesti að vera maðurinn sem sést leggja til A. Myndbrotið af atburðinum er stutt og upphafið sést ekki, en þar má sjá ákærða slá til A og ákærði staðfesti að hafa haldið á áhaldinu er hann sló til hans. Á myndskreiðinu sést að átök eru hafin er ákærði kemur þar að klukkan 02:39. Spurður um þetta kvað hann A hafa verið ögrandi utandyra og „gert sig stóran“ en engin slagsmál hefðu verið hafin. Klukkan 02:53 sést ákærði í eftirlitsmyndavél á gangi í miðborginni og staðfesti hann fyrir dóminum að þar sjáist hann taka upp af götunni áhaldið sem hann beitti gegn A og lét falla stuttu síðar í götuna. Ákærði staðfesti að hann sæist á upptöku klukkan 03:09 og virtist þar taka upp áhaldið sem hann beitti á A. Spurður um þetta kvaðst hann ekki muna eftir þessu en hann kvaðst hafa verið á gangi í miðbænum stuttan tíma eftir þetta en síðan farið heim til sín, en hann myndi ekki hvað varð af áhaldinu.

20. Ákærði X neitar sök á þeirri forsendu að hann hafi í greint sinn beitt sjálfsvörn. Hann kvaðst hafa ætlað upp á efri hæð [...] á þessum tíma. Er hann kom að stiganum hefðu tveir menn staðið í vegi fyrir honum og hindrað för hans upp. Hann hefði talið þá hafa verið að hæðast að sér og spurt þá hvað væri í gangi og beðið þá að hleypa sér upp. Meðákærði Daniel hefði þá komið að en verið kýldur í andlitið og ákærði tekinn upp og hrint niður, en A hefði verið annar þessara manna. Ákærði lýsti miklum stærðarmun á sér og mönnunum, en hann hefði ekki getað varist af þeim sökum. Hann kvað mennina hafa ráðist á Daniel en ákærði ekki getað staðið upp til að koma honum til aðstoðar. Nokkrum mínútum síðar hefðu þeir meðákærði farið út af staðnum til að reykja, að hann minnti, og þá séð A ögrandi og lýsti hann þessu. Það næsta sem hann vissi væri að hann fékk högg svo hann missti gleraugun. Hann hefði reynt að verjast og þannig hefðu slagsmálin haldið áfram og hann hefði slegið A hnefahögg, eins og í ákæru greinir, en hann teldi að um sjálfsvörn hefði verið að ræða, þar sem tveir stórir menn hefðu komið og kýlt hann og hann glatað gleraugum sínum við það og orðið mjög hræddur við A sem væri mun hærri en ákærði. Nánar spurður hvort einhver hefði verið með A í för kvaðst hann ekki vita það, en margt fólk hefði verið þarna fyrir utan. Hann kvaðst ekki hafa séð hvað meðákærði aðhafðist á sama tíma þar sem búið hefði verið að kýla gleraugun af ákærða og hann séð illa frá sér, auk þess að vera sjálfur í slagsmálum. Hann myndi eftir áverkum á meðákærða, sem hann hefði hlotið þetta kvöld við það að vera kýldur í andlitið.

21. Ákærði X staðfesti að hann sæist á upptökum, sem hann skoðaði í réttarhaldinu, þar sem sést er hann slær A, en aðdragandi og aðstæður hefðu verið eins og hann lýsti m.t.t. sjálfsvarnar og rakið var að framan.

22. Vitnið A kvaðst hafa verið á [...] ásamt C, D og fleirum þetta kvöld. Einhver átök hefðu byrjað inni á staðnum og hann séð strák hlaupa að þeim, en hann hefði þá staðið upp og gengið í veg fyrir strákinn, sem hefði verið ákærði X, og ýtt honum frá sér tvisvar sinnum og sagt honum að hætta þessu. X hefði fallið í gólfið en staðið á fætur og reynt að kýla vitnið og hann þá ýtt honum aftur frá sér en hann hefði e.t.v. ýtt X þrisvar sinnum frá sér. Hann kvaðst hafa séð C í átökum skammt frá en hann hefði lítið fylgst með þeim og gæti ekki lýst þeim nánar. Svo hefði ástandið róast og eftir þetta og á leiðinni út, innan við 5 mínútum síðar að hann taldi, hefði C verið á eftir honum og lýsti hann því er þau D biðu eftir C úti. Hann hefði þá heyrt einhvern ávarpa sig og spyrja „was this you?“ og fengið högg í kjölfarið og

húfan sem hann bar hefði endað fyrir andliti hans svo hann sá ekkert en mörg högg tekið að dynja á honum alls staðar og hann reynt að verjast, en hann hefði ekki slegið frá sér í þessari atburðarás. Hann kvað X hafa komið aftan að sér og sagt „was this you?“ og síðan ráðist á sig. Hann kvaðst ekki hafa sýnt neina ögrun fyrir utan skemmtistaðinn eins og ákærðu báru og sagði engin samskipti hafa átt sér stað milli sín og ákærðu áður en árásin hófst. Stuttu síðar hefði hann tekið húfuna af sér, eftir að árásin var yfirstaðin, og sest niður og þá fundið að hann átti erfitt með að anda og fleira. Hann hefði farið í nálægan sjúkrahúll og verið fluttur á slysadeild og hann ekki vitað af stungunum fyrr en við læknisskoðun á slysadeild. Hann lýsti sjúkrasögu sinni vegna þessa og ástandi eftir atburðinn og aðstoð sem hann hefur fengið vegna þessa. Hann lýsti þrekleysi og fleiri afleiðingum árásarinnar en kvaðst finna bata sem hann lýsti.

23. Vitnið D kvaðst hafa verið með A á skemmtistaðnum á þessum tíma. Hún kvað slagsmál hafa verið inni á staðnum, þar sem um sex manns tóku þátt, en hún vissi ekki hvort þeir sem veittust að A fyrir utan staðinn hefðu verið meðal þessara sex sem hún nefndi. Hún kvað A hafa komið og sótt sig og þau farið saman út af staðnum og þá hefði verið ráðist á A og hann stunginn, en engin orðaskipti hefðu átt sér stað áður. Hún kvað tvo menn hafa elt þau A út og er þangað kom hefðu þeir saman byrjað að berja A og hann verið stunginn, en hún kvaðst ekki hafa séð áhaldið sem beitt var á A. A hefði ekki slegið á móti en gengið í burtu er þessu lauk. Hún lýsti því að A hefði átt erfitt með andardrátt eftir árásina en sjúkrahúll hefði verið nærri og hann verið fluttur á sjúkrahús. D þekkti sig á myndbandsupptöku frá vettvangi.

24. Vitnið C kvaðst ekki neita því að hafa tekið þátt í átökum inni á skemmtistaðnum á þessum tíma, en hann myndi ekki eftir þeim. Stuttu síðar hefði hann farið út til að vera ekki vísað út. Er þangað kom hefði hann farið í burtu ásamt vini sínum og því ekki séð það sem gerðist utandyra við skemmtistaðinn á þessum tíma.

25. Vitnið E var í dyragæslu á þessum tíma en sá ekki það sem gerðist fyrir utan skemmtistaðinn.

26. Vitnið F, [...], lýsti því er Daniel og X voru í stiga inni á skemmtistaðnum, og A kom að og ýtti X. Daniel hefði þá komið og spurt A hvað hann væri að gera. A hefði þá kýlt Daniel í andlitið og átök hafist, en þeir hefðu fljótt verið skildir í sundur. Slagsmálin hefðu síðan byrjað aftur og Daniel verið felldur í gólfið þar sem sparkað var í höfuð hans. Þeir hefðu verið skildir í sundur og allir farið út af staðnum, en vitnið orðið eftir inni og hann gæti ekki borið um það sem gerðist utandyra.

27. Vitnið G lýsti því er hann sá tvo menn hrinda Daniel í gólfið inni á skemmtistaðnum auk þess sem sparkað var í hann liggjandi á gólfinu. Kærasta hans hefði stöðvað hann í að aðstoða Daniel. Hann hefði ekki orðið vitni að því sem gerðist fyrir utan skemmtistaðinn.

28. Vitnið H var dyravörður á nálægum bar þetta kvöld. Hann lýsti því er hann sá átök í hóp ungmenna að slást, eins og hann lýsti þessu, og hann hefði þá tekið upp síma sinn og myndað það sem fram fór. Hann kvaðst hafa verið í um 30 metra fjarlægð og því ekki geta sagt að hann hefði séð það sem átti sér stað. Hann kvaðst hafa sent lögreglunni upptökuna.

29. Vitnið I kvaðst hafa verið fyrir utan [...] á þessum tíma og þá séð hnefa á lofti og séð að einstaklingur hefði verið barinn, en hann hefði ekki séð hvort einhverju áhaldi var beitt. Hann kvað tvo menn hafa veist að manninum og eins og annar árásarmannanna hefði verið að reyna að halda þeim sem varð fyrir árásinni. Þetta hefði gerst mjög hratt og lokið er stúlka kallaði „er eitthvað að þér“ og þá hefðu mennirnir hlaupið í burtu og sá sem varð fyrir árásinni hefði verið dreginn inn á [...] og dyrnum lokað.

30. Vitnið J kvaðst hafa verið inni á [...] á þessum tíma er hann sá einhvern berja ákærða Daniel sem féll í gólfið, en hann vissi ekki hvort hann rotaðist eða ekki. Er Daniel lá í gólfinu hefði annar maður byrjað að sparka í höfuð hans. Er hann ætlaði að segja vini sínum frá þessu hefðu Daniel og árásarmennirnir verið farnir út. Hann sá ekki það sem gerðist utandyra.

31. Vitnið K kvaðst hafa verið fyrir utan skemmtistaðinn á þessum tíma er hann sá tvo stráka ráðast á einn. Hann kvað þetta hafa gerst mjög hratt og ekki hafa séð hvort sá sem varð fyrir árásinni hefði hóttað eða átt upptök að því sem gerðist, en sá hefði ekki veitt neina mótspyrnu. Hann kvaðst hafa séð manninn stunginn í bakið en hann kvaðst þá hafa farið inn á skemmtistaðinn.

32. Vitnið L var yfirdyravörður á [...] á þessum tíma. Hann kvaðst hvorki hafa séð það sem í ákæru greinir né átökin sem lýst hefur verið inni á staðnum þetta kvöld.

33. Meðal gagna málsins er vottorð M sálmeðferðarfræðings, dagsett 6. ágúst 2022, en vottorðið er ritað eftir eitt viðtal við A. M staðfesti vottorðið fyrir dóminum og skýrði, en hann lýsti afleiðingum árársinnar á A og er það einkum kvíði sem hann upplifir og önnur einkenni þekkt í kjölfar árásar, sem hann skýrði einnig.

34. Lögreglumaður nr. N ritaði frumskýrslu málsins sem hann staðfesti fyrir dóminum og lýsti aðgerðum lögreglu á vettvangi. Hann lýsti samskiptum við A á vettvangi og er hann fór með sjúkrabíl í burtu. Hann hitti A aftur á slysadeild þar sem hann tók mynd af áverkum hans. Hann lýsti árangurslausri leit að árásarvopni á vettvangi.

35. Meðal gagna málsins eru gögn frá tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Ö lögreglufulltrúi vann gögnin sem hann skýrði og staðfesti fyrir dóminum.

36. Meðal gagna málsins eru tvö læknisvottorð fyrir A, dagsett 8. og 22. mars 2022. Þ sérfræðilæknir ritaði bæði vottorðin þar sem lýst er áverkunum sem greindust á A við komu á slysadeild á þessum tíma, en áverkarnir eru hinir sömu og lýst er í ákærinni. Þ skýrði og staðfesti vottorðin fyrir dóminum. Skoðun leiddi í ljós að A hefði verið með samfallin lungu báðum megin. Hann kvað sér hafa dottið í hug að áverkinn gæti verið eftir skrufjárn og skýrði hann það álit sitt. Hann kvað áverkann lífshættulegan og skýrði hann þetta. Hann kvað batahorfar góðar varðandi líkamlegar afleiðingar.

37. Ákæra lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dagsett 8. júní 2022

Sannað er með skýlausri játningu ákærða fyrir dómi og með öðrum gögnum málsins að hann hafi gerst sekur um háttsemina sem í báðum köflum ákæru greinir og eru brotin þar rétt færð til refsíákvæða.

Skírskotað er til ákærinnar um lýsingu málavaxta.

Niðurstaða ákæru dagsettrar 30. maí 2022

38. Ákærði Daniel neitar sök en framburður hans um upphaf átakanna fyrir utan [...] er mjög óljós og kvaðst hann ekki vita eða muna hvert upphafið var og þá kvaðst hann ekki muna hversu oft hann lamdi A með áhaldinu og tók fram að hann hefði verið „svollítið drukkinn“. Þá bar hann að slagsmálin hefðu byrjað vegna þess að hann hefði orðið smeykur við að sjá mennina sem gengið höfðu í skrokk á honum áður inni á [...], eins og rakið hefur verið.

39. Það er mat dómsins að ekkert sé fram komið í málinu sem bendi til þess að A hafi aðhafst nokkuð það utan dyra við skemmtistaðinn á þessum tíma sem skýrt geti ástæðu árásar ákærðu á hann.

40. Ráða má af gögnum málsins og vitnisburði sem rakinn hefur verið að ákærði Daniel varð fyrir líkamsárás inni á skemmtistaðnum áður en hann fór þaðan út og hlaut við það áverka, m.a. í andliti. Þá virðist ákærði X einnig hafa átt í útistöðum inni á skemmtistaðnum.

41. Þótt engu verði slegið föstu um tilefni líkamsárásinnar á A virðist skýringa helst að leita í því sem gerðist inni á skemmtistaðnum en að mati dómsins var árásin tilefnislaus því jafnvel þótt gengið sé út frá því að báðir ákærðu hafi orðið fyrir árás eða eftir atvikum áreiti inni á skemmtistaðnum réttlætir það ekki líkamsárás þeirra á A.

42. Vitnið A kvað hafa verið ráðist á sig tilefnislaust fyrir utan skemmtistaðinn. Trúverðugur vitnisburður hans um þetta fær stoð í vitnisburði D, I og K og af myndskleiðum af atburðinum. Þrátt fyrir að upphafið sjáist ekki á myndskleiðunum sést þar hvar ákærðu ganga í skrokk á A sem virðist engum vörnum hafa getað komið við heldur bar hann hendur fyrir höfuð sér, en húfa hans huldi andlit hans eins og rakið var að framan.

43. Samkvæmt þessu er sannað með játningu beggja ákærðu og með trúverðugum vitnisburði A sem fær stoð í vitnisburði D, I og K og með myndskleiðum af atburðinum sem báðir ákærðu hafa staðfest fyrir dóminum að þar sjáist þeir viðhafa háttsemina sem í ákæru greinir að þeir hafi, hvor um sig, gerst sekir um og þeim er gefin að sök í ákærinni að teknu tilliti til þess sem rakið verður um heimfærslu brots ákærða Daniels til refsíákvæða og tilraun til manndráps.

44. Þá er sannað með sama vitnisburði og gögnum að ákærðu veittust í félagi að A eins og ákært er fyrir.

45. Ekkert styður neitun ákærða X á grundvelli neyðarvarnar og er þeirri málsástæðu fyrir neitun hans hafnað.

46. Með vísan til læknisvottorða sem rakin voru og með vitnisburði P sérfræðilæknis er sannað að afleiðingar líkamsárásarinnar á A voru þær sem í ákæru greinir.

47. Brot ákærða X varðar við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga eins og í ákæru greinir.

48. Ákærða Daniel er gefin að sök tilraun til manndráps og brotið talið varða við 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði Daniel hefur staðfastlega neitað því að fyrir honum hafi vakað að ráða A bana og kvaðst ekki hafa getað ímyndað sér að hann gæti valdið jafn miklum skaða og raunin varð er hann greip áhaldið upp af götunni og beitti því á A. Ákærða er gefið að sök að hafa veist að A með ítrekuðum höggum í efri búk. Rannsóknargögn frá tæknideild lögreglu sýna að höggin komu á bak A og voru a.m.k. sex talsins en það er fjöldi gata sem náðu í gegnum jakka sem A klæddist á þessum tíma. Ráða má hið sama af ljósmyndum sem lögreglan tók af áverkum A á slysideild. Sannað er með læknisvottorðum og með vitnisburði P sérfræðilæknis að samfall á lungum A var lífshættulegur áverki. Áhaldið sem ákærði notaði við árásina fannst ekki og verður engu slegið föstu um hvers kyns það var. Hins vegar er ljóst af því sem rakið hefur verið að af beitingu áhaldsins hlaut lífshættulegur áverki.

49. Ekkert er fram komið sem bendir til þess, gegn neitun ákærða, að fyrir honum hafi vakað að ráða A bana. Þá er það mat dómsins með hliðsjón af öllu framanrituðu, m.a. staðsetningu stunguáverkanna á baki A, að ekki sé unnt með vissu að slá því föstu að ákærða hlyti að hafa verið ljóst að bani kynni að hljótast af atlögunni og er hann því sýknaður af tilraun til manndráps. Samkvæmt þessu ber að sakfella ákærða fyrir stórfellda líkamsárás sem varðar við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en færa má háttsemina undir það lagaákvæði þótt þess sé ekki getið í ákæru, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

50. Ákærði Daniel hefur ekki áður gerst brotlegur við lög. Brot hans samkvæmt ákæru dagsettri 30. maí 2022 er alvarlegt og líkamsárásin tilefnislaus og ofsafengin og afleiðingarnar alvarlegar. Ákærðu stóðu saman að árásinni og er hlutur ákærða Daniels mun alvarlegri en þáttur meðákærða og verður vegna þessa höfð hliðsjón af 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga við refsíákvörðun. Ákærði hefur játað brot samkvæmt ákæru dagsettri 8. júní 2022 og er litið til þess við refsíákvörðun. Refsing ákærða Daniels er ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þykir þannig hæfilega ákvörðuð fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga skal draga frá refsivistinni óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 9. mars 2022 til dagsins í dag að telja með fullri dagatölu.

51. Ákærði X hefur ekki áður gerst brotlegur við lög. Líkamsárásin var tilefnislaus. Ákærðu stóðu saman að árásinni og verður við refsíákvörðun höfð hliðsjón af 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Að þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákvörðuð fangelsi í þrjú mánuði sem rétt þykir að skilorðsbinda eins og nánar greinir í dómsorði.

52. A á rétt á miskabótum úr hendi ákærða Daniels á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og þykja miskabæturnar hæfilega ákvarðaðar 1.500.000 krónur auk vaxta svo sem í dómsorði greinir en dráttarvextir reiknast frá 7. júlí 2022, er mánuður var liðinn frá birtingu bótakröfunnar fyrir ákærða. Aðrir kröfuliðir í bótakröfu A sem hefur verið andmælt eru ekki studdir nægum gögnum og er sá hluti kröfunnar ódómtækur og ber að vísa honum frá dómi. Þá greiði ákærði 1.688.229 króna réttgæsluþóknun Guðmundar Njáls Guðmundssonar lögmanns, skipaðs réttargæslumanns A.

53. A á rétt á miskabótum úr hendi ákærða X á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og þykja miskabæturnar hæfilega ákvarðaðar 400.000 krónur auk vaxta svo sem í dómsorði greinir en dráttarvextir reiknast frá 7. júlí 2022, er mánuður var liðinn frá birtingu bótakröfunnar fyrir ákærða. Aðrir kröfuliðir í bótakröfu A sem hefur verið andmælt eru ekki studdir nægum gögnum og er sá hluti kröfunnar ódómtækur og ber að vísa honum frá dómi. Þá greiði ákærði X A 200.000 krónur í málskostnað.

54. B á rétt á miskabótum úr hendi ákærða Daniels á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og þykja miskabæturnar hæfilega ákvarðaðar 500.000 krónur auk vaxta svo sem í dómsorði greinir en dráttarvextir reiknast frá 7. júlí 2022, er mánuður var liðinn frá birtingu bótakröfunnar fyrir ákærða. Þá greiði ákærði Daniel B 725.400 krónur í málskostnað og 22.080 krónur í aksturskostnað lögmanns sem flutti bótakröfuna fyrir dómi.

Ákærði Daniel greiði 44.532 krónur í útlagðan sakarkostnað ákæruvaldsins.

Ákærðu greiði óskipt 50.720 krónur í útlagðan sakarkostnað ákæruvaldsins.

Ákærði Daniel greiði 2.806.740 króna málsvarnarlaun Oddgeirs Einarssonar lögmanns og 30.988 krónna aksturskostnað verjandans og 580.878 króna málsvarnarlaun Áslaugar Láru Lárusdóttur lögmanns, verjanda ákærða undir rannsókn málsins.

Ákærði X greiði 1.620.432 króna málsvarnarlaun Þorgils Þorgilssonar lögmanns. Tekið hefur verið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun þóknunar lögmannna.

Dagmar Ösp Vesteinsdóttir aðstoðarsaksóknari flutti málið fyrir ákæruvaldið.

Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð

Ákærði, Daniel Zambrana Aquilar, sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði en frá refsivistinni skal draga óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 9. mars 2022 til dagsins í dag að telja með fullri dagatölu.

Ákærði, X, sæti fangelsi í þrjá mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið í tvö ár frá birtingu dómsins að telja og falli refsingin niður að þeim tíma liðnum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Daniel greiði A, kt. [...] 1.500.000 krónur í miskabætur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. mars 2022 til 7. júlí 2022 en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá greiði ákærði Daniel 1.688.229 króna rétttagæsluþóknun Guðmundar Njáls Guðmundssonar lögmanns.

Ákærði X greiði A, kt. [...] 400.000 krónur í miskabætur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. mars 2022 til 7. júlí 2022 en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá greiði ákærði A 200.000 krónur í málskostnað.

Ákærði Daniel greiði B, kt. [...] 500.000 krónur í miskabætur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 4. júlí 2021 til 7. júlí 2022 en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá greiði ákærði Daniel A 725.400 krónur í málskostnað og 22.080 krónur í aksturskostnað lögmanns sem fór með bótakröfuna.

Ákærði Daniel greiði 44.532 krónur í útlagðan sakarkostnað ákæruvaldsins.

Ákærðu greiði óskipt 50.720 krónur í útlagðan sakarkostnað ákæruvaldsins.

Ákærði Daniel greiði 2.806.740 króna málsvarnarlaun Oddgeirs Einarssonar lögmanns og 30.988 króna aksturskostnað verjandans og 580.878 króna málsvarnarlaun Áslaugar Láru Lárusdóttur lögmanns, verjanda ákærða undir rannsókn málsins.

Ákærði X greiði 1.620.432 króna málsvarnarlaun Þorgils Þorgilssonar lögmanns.